

Borgarráð 23. júní 2022: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflókks Íslands um fé frá ríkinu vegna lögbundinnar þjónustu MSS22060188

Nú hefur margoft komið fram að ríkið hefur ekki verið leggja nægt fé til þess að koma til móts við sveitarfélögin í þjónustu þeirra við fólk vegna málaflókka sem áður voru á hendi ríkisins. Reykjavíkurborg hefur ítrekað biðlað til ríkisins að bæta úr málunum en ekki hefur ennþá verið gert neitt til þess að svara því kalli. Hversu langt má Reykjavíkurborg ganga til þess að sækja féð sem vantar frá ríkinu vegna lögbundinnar þjónustu sem sveitarfélaginu ber að sinna? Hvaða leiðir standa Reykjavíkurborg til boða til þess að sækja féð sem vantar?